


HEIMS- LIST Í HÖFUÐBORGinni



Rudolf Hausner
(1914):
„Eva“.
1972. Litógraffa.

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON



Jim Dine (1935): „Blue haircut“, 1972. Koparstunga og offset

Það eru einstakir hlutir, sem getur að líta í hálfum vestri sal Myndlistarhússins á Miklatúni þessa dimmu desemberdaga. Er hér um að ræða 70 myndir, sem gerðar eru í hinum ýmsu aðferðum listþrykksins eða grafik-listarinnar, sem okkur er tamara að nefna aðferðirnar. Hér er fyrirtækið Myndkynning enn á ferð og er þetta fjórða grafiksýningin er það stendur fyrir á þessum stað og sem allar hafa vakið mikla athygli. Á hinni fyrstu sýningu fyrirtækisins var Erró kynntur myndarlega á þessu sviði og vakti það framtak óskipta athygli, og átti vissulega sinn þátt í því að opna augu manna fyrir því hve þessi listamaður hafði verið af-ræktur meðal landa sinna. Um leið jók það áhuga manna fyrir því að kynna verkum þessa listamanns stórum nánar og hefur m.a. átt sinn þátt í hinni stóru yfirlitssýningu Erró að Kjarvalsstöðum á síðustu listahátíð. Sýningar Myndkynningar hafa einnig vakið upp deilur og er ekki nema gott um það að segja, því að umræður um þessa listgrein

hljóta að auka þekkingu manna á eðli og tilgangi hennar.


Aðferðirnar eru margar og er ekki nema heilbriggt að listamenn noti nútímataekni til að fjölfalda myndir sínar og í framhjáhláupi má geta þess að ýmsir mestu snillingar tækninnar hafa farið langt út fyrir svið þrykklistarinnar og meðal þeirra má telja Edvard Munch, sem hikaði ekki við að mála með vatnslitum ofan í sum þrykk sín og það hafa einnig nútímalistamenn svo sem Andy Warhol gert svo að einhver stórbógurinn sé nefndur. Ég minnst á þetta vegna deilnanna um myndir Salvador Dali, sem sýndar voru á sama stað fyrir ári en hér skal ekki farið nánar út í þá sálma. Uppgjör um þá hluti, áframhaldandi deilur og rökræða eru annar grundvöllur er bíður betri tíma.

Forsíðu þessa aukablaðs Morgunblaðsins prýðir stórfraeg mynd snillingsins Pablo Picassos úr myndfloknum „Lysistrata“, og nefnist „Kinesias og Myrrína“, unnin í koparstungu árið 1934, og er með frægustu myndum þeirra, myndraðar. Einfaldar og svifmikl-

ar línur einkenna þessa mynd og eru svo tjáningarríkar í einfaldleika sínum, að eitt strík til viðbótar hefði einungis ofaukið heildinni. Hér sér maður svart á hvítu hve einfaldleikinn getur sagt mikið og hve mikilvægt það er að heildin komi skorinort til skila. Annar snillingur línunnar Henri Matisse, sagði eitt sinn, að línan væri framlenging sálarinnar, tjáning handarinnar og viðauki sjónarinnar. Betur verður þetta naumast sagt.

Sennilega er sýningin á Kjarvalsstöðum að þessu sinni áhugaverðasta framtak Myndkynningar til þessa því að hér sjáum við myndir margra gæðaflokka, sumt af hinu besta sem gert er á þessu sviði en einnig miðlungsmyndir og gefur þetta ágæt tækifæri til samanburðar.

Um leið fáum við hér beint framan í okkur afleiðingar brenglaðs mats á andlegum verðmætum á tímum ódaverðbólgu í þjóðfélaginu. Menn gapa af undrun yfir því að dýrasta mynd sýningarinnar „Bonjour sur Paris“, eftir Joan Miro, samlanda Picasso, skuli kosta nær 5 milljónir króna og er þó gerð í fjölda eintaka. En það færir okkur um leið blessunarlega heim sanninn um það, að verk okkar bestu málara eru vanmetin í verðbólguþáli og í raun og veru ættu helstu verk meistara okkar, Ásgríms, Jóns Stefánssonar og Kjarvals, ekki að fara undir 20 milljónum ef allt væri á heilbrigðum grundvelli um menningarlegt verðmætuskyn. Grafísk verk Edvard Munchs, og bestu myndir Picassos sem eru einna verðmætust á heimsmarkaðinum í dag, fara gjarnan á 15–20 milljónir króna á uppboðum. Jafnframt fara smámyndir þeirra á milljónir króna því að hér er um andleg menningarverðmæti í sérflokki að ræða en engin Hong Kong sjónarmið fjöldaiðnadarins. Og ei heldur sjónarmið jafnlaunastefunnar né hinnar vinsælu félagshyggjustefnu jólasveina hins pólitíska markaðar og atkvæðasmala. En þetta eru einungis hugleið-



Max Walter Svanberg (1912): „Hybridens Parringstecken“
1972. Þurrómál.

ingar, sem koma sýningunni í sjálfu sér harla lítið við, — hún stendur fyrir sínu sem merkileg sýning sem verðskuldar fyllstu athygli þeirra sem listum unna hér á landi því að það er ekki á hverjum degi sem slíkar myndir rekur á fjörur okkar og hér fyllir fyrirtækið Myndkynning upp visst tómarúm og auðgar um leið vettvang alþjóðlegrar myndlistar á þessu auðnaðarlega útskeri þar sem margur keppist við að ná tæknilegri fullkunnun á kostnað tilfinninga hjartans.

Vita margir það, að fjölda platna er snillingurinn Goya útfærði fékk hann aldrei séð sjálfur í þrykkingu og kona Dürers gekk um og seldi grafik-myndir manns síns á sama hátt og t.d. börn selja Vísi og Dagblaðið í dag. Flestar fóru þær forgörðum líkt og dagblöðin en dagblöð verða verðlítill miðað við verk meistara á öllum öldum. Tímarnir breytast og mennirnir með en verk meist-

aranna standa af sér öll óveður því að þótt háar öldur brotni á grýttum ströndum og úfið haf verði skipum að fjörtjóni þá ríkir undir yfirborðinu djúp ró og þögn.

Við skulum líta yfir þessa sýningu og þá sjáum við fjölda frábærra mynda m.a. eftir Picasso, Chagall, Miro, Jim Dine, einn af þekktustu nútímalistamönnum Ameríku, mynd eftir Rudolf Hausner, Austurríkismanninn, sem lifði mesta hluta lífs síns í sárustu neyð en selur nú myndir sínar, málverk á allt að 150.000 þýsk mörk stykkið og ekur um í Rolls Royce bíl.

Margar þessara mynda eru sennilega undir raunvirði, en það er hvers og eins að uppgötva það.

Hér læt ég staðar numið en skora á njótendur myndlistar að fjölmenna á Kjarvalsstaði og athuga af eigin raun hvað þar er að gerast.

Myndkynningu þakka ég framtakið.